

2. gr.

Nú telur heimilislæknir nemanda rétt, að til álita komi, að nemandanum verði veitt undanþága samkvæmt 1. gr., og ritar hann þá vottorð um það á þar til gert eyðublað, er landlæknir gefur út og héraðslæknar láta í té. Vottorðið sendir heimilislæknir hlutaðeigandi skólalækni (héraðslækni) í lokuðu umslagi.

Reglur þessar, sem eru settar samkvæmt ákvæðum 27. gr. laga nr. 94 23. júní 1936, um fræðslu barna, ganga í gildi þegar í stað.

Í kennslumálaráðuneytinu, 8. marz 1944.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 4 2. janúar 1942, um varnir gegn útbreiðslu nokkurra næmra sauðfjársjúkdóma og stuðning til bænda er bíða tjón af þeim.

1. gr.

38. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef mæðiveiki er sönnuð í fé aðila fyrir næstu áramót áður en skýrsla er gerð, má veita honum uppeldisstyrk á gimbrarlömb, sem hann á á fóðri, eftir þeim reglum, sem settar eru í 39.—41. gr. Enn fremur er sauðfjársjúkdómanefnd heimilt að verja nokkru af því fé, sem árlega er veitt í fjárlögum sem uppeldisstyrkur, til þess að greiða þessum fjáreigendum áhættustyrk á fé, sem þeir eiga á fóðri, eftir reglum þeim, sem settar eru í 42. gr.

Bæði uppeldisstyrk og áhættustyrk má ákveða misháan á kind eftir landshlutun, með hliðsjón af mismunandi tilkostnaði og afurðamagni.

2. gr.

42. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef sauðfjársjúkdómanefnd ákveður að úthluta áhættustyrk samkvæmt 2. málslíð 38. gr., skal þeirri úthlutun hagað sem hér segir:

Fullur áhættustyrkur skal greiddur á fyrstu 100 kindur af fjártölu hvers bónda, en hálfur styrkur á þá tölu, sem þar er fram yfir. Ef bóndi hefur fleiri en 4 kýr, ef styrkhæf fjártala fer ekki niður fyrir 100 vegna þess frádráttar, en 20 kindur fyrir hverja kú að því leyti, sem styrkhæf fjártala fer niður fyrir 100. Nú hefur bóndi færri en 100 kindur en fleiri en 4 kýr á fóðri og skal þá margfalda tölu kúa umfram fjórar með 20 og draga frá tölunni 100, en afgangurinn er styrkhæf fjártala hjá þeim bónda. Búlausir fjáreigendur og þeir, sem ekki hafa landbúnað að aðalvatvinnu fá hálfan áhættustyrk á fjártölu sína.

Ef fjárstofn viðkomandi fjáreiganda virðist mjög næmur fyrir veikinni, getur sauðfjársjúkdómanefnd gert það að skilyrði fyrir útborgun uppeldisstyrks og áhættustyrks, að aðili kaupri líflömb af öðrum fjárstofni með samþykki nefndarinnar eða eftir tilvísun hennar.

Nefndin ávísar vegafénu til vegamálastjóra og jarðræktarstyrknum til Búnaðarfélag Íslands, og skulu þessir aðilar hafa eftirlit með þessum framkvæmdum og annast útborgun samkvæmt því, sem unnið hefur verið og heimild er til.

- 51 Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 75 27. júní 1941 til að öðl-
1. apríl ast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1944.

Vilhjálmur Þór.

Vígfús Einarsson.

- 52 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Ekknasjóð Gnúpverja“, útgefin á
3. apríl venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. apríl 1944.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Ekknasjóð Gnúpverja.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um Guðrúnu Stefánsdóttur, húsfreyju í Haga í Gnúpverjahreppi, sem fædd var 19. marz 1914 og dáin 25. febr. 1943.

2. gr.

Sjóðurinn heitir Ekknasjóður Gnúpverja. Stofnfé sjóðsins er 1000 — eitt þúsund — krónur, sem konur í Kvenfélagi Gnúpverja, og nokkrir aðrir Gnúpverjar gáfu til minningar um Guðrúnu, og eykst sjóðurinn af vöxtum og gjöfum, sem kunna að verða gefnar í hann.

Minningsþjöld fyrir sjóðinn skulu gefin út svo fljótt, sem því verður við komið.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, með þeim skilmálum, að vextir séu allir lagðir við höfuðstólinn, unz ársvextir nema 100 — eitt hundrað — krónum, en úr því falli helmingur ársvaxtanna til útborgunar til stjórnar sjóðsins, svo hún geti varið fé þessu samkvæmt tilgangi hans. Hinn helmingurinn sé ávallt lagður við höfuðstólinn.

4. gr.

Starfsvið sjóðsins skal vera Gnúpverjahreppur í Árnessýslu, og hann einn. Og er tilgangur sjóðsins að styrkja ekkjur og ekkjumenn, sem búsett eru í hreppnum.

5. gr.

Styrkveitingum skal svo hagað:

- Þær fari fram 19. marz ár hvert, eða því sem næst.
- Eigi má veita minni styrk en 50 — fimmtíu — krónur.
- Veita má hvort heldur eftir umsóknum eða án þeirra.
- Sé engin ekkja eða ekkjumaður í hreppnum talin styrkþurfi, skal styrkja mun- aðarlaus börn. Þurfi þess ekki heldur ár og ár, leggjast allir vextir við höfuðstól meðan svo stendur, sbr. þó 8. gr.
- Nú giftist ekkja eða ekkjumaður, og er stjórn sjóðsins þó heimilt, að veita henni eða honum styrk í eitt skipti eftir það, þ. e. næst, þegar styrkveiting fer fram, -- ef ástæða þykir til.